



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

9. tbl. nóvember 2014



## Meðal efnis:

Stefnumörkun sambandsins	2
Ráðgefandi nefndir sambandsins	5
Ný skólamálanefnd	7
Myndræn framsetning fjárhagsstöðu sveitarfélaga	9
Málefni innflytjenda	12
Breytingar á vegalögum	16

# Stefnumörkun sambandsins 2014–2018



Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. nóvember sl. var stefnumörkun sambandsins 2014–2018 samþykkt samhljóða.

Á XXVIII. landsþingi sambandsins, sem haldið var á Akureyri 24.–26. september sl., var lagt

fram stefnumótunarskjal sem byggði að mestu leyti á stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011–2014. Í því skjali var lagt mat á árangur og stöðu stefnumörkunar síðasta kjörtímabils og undirmarkmið og leiðir að settu marki flokkaðar að nýju í fjóra undirflokka. Þá

# SAMBANDIÐ

voru settar fram hugmyndir að breyttum og nýjum markmiðum og undirmarkmiðum með hliðsjón af framgangi markmiða 2010–2014 og þróun og breytingum sem hafa átt sér stað í starfsumhverfi sveitarfélaganna á síðustu árum.

Fjallað var um drög að stefnumörkun í fjórum umræðuhópum á landsþinginu. Í umræðuhópunum komu fram hugmyndir um breytingar á einstökum markmiðum, hugmyndir um ný markmið og niðurfellingar markmiða.

Landsþingið samþykkti að vísa drögum að stefnumörkun sambandsins til frekari úrvinnslu og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins á grundvelli athugasemda sem fram komu á þinginu.

Stjórn sambandsins tók stefnumótunarskjalíð til umfjöllunar á tveimur fundum sínum – fyrst 31. október og síðan 21. nóvember. Var á stjórnarfundunum farið gaumgæfilega yfir allar þær hugmyndir að breytingum, sem settar voru fram í umræðuhópunum á landsþinginu, og framsetning meginmarkmiða og undirmarkmiða samræmd.

Stefnumörkunin hefur verið birt á vef sambandsins og verður jafnframt send sveitarfélögunum til upplýsingar á næstunni.

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og mun nýtast sem sterk leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins á nýju kjörtímabili og jafnframt fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir.

Það er afar mikilvægt fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, vöxt þess og viðgang, að stefnumörkun þess sé vönduð og skýr. Um hana þarf jafnframt að ríkja sem breiðust samstaða og forsenda þess er að sem flestir sveitarstjórnarmenn komi að mótun hennar. Á landsþinginu á Akureyri tóku um 200 fulltrúar nær allra sveitarfélaga landsins þátt í að ræða og móta stefnumörkunina. Með markvissri stefnumótunarmunni á landsþinginu varð til skýr stefna í málefnum sveitarstjórnarstigsins næstu fjögur árin. Hagsmunagæslan af hálfu sambandsins mun því byggja á sterkum stöðum og verða mun áhrifameiri og skilvirkari en annars væri. Skýr sameiginleg stefnumörkun sveitarstjórnarmanna mun því styrkja og efla sveitarstjórnarstigið í heild sinni.

- [Stefnumörkun sambandsins á vefnum.](#)

# SAMBANDIÐ

## Ráðgefandi nefndir sambandsins

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nú lokið við að skipa í ráðgefandi nefndir kjörtímabilið 2014–2018.

### Félagsþjónustunefnd

- Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar Akureyrarkaupstaðar,
- Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps,
- Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, formaður félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga,
- Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar, og
- Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.



Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

### Skólamálanefnd

- Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Fljótshéraðs,
- Karl Frímannsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit,
- Kolfinna Jóhannesdóttir, sveitarstjóri í Borgarbyggð,
- Margrét Halldórsdóttir, forstöðumaður skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, og
- Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.



Hlutverk skólamálanefndar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skólámálum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla.

## Skipulagsmálanefnd

- Elín R. Líndal, sveitarstjórnarmaður í Húnaþingi vestra,
- Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri í Skaftárhreppi,
- Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar,
- Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, og
- Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.



Hlutverk skipulagsmálanefndar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglum um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Einnig fylgist nefndin með þróun umhverfislöggjafar sem tengist skipulagsgerð sveitarfélaga, meðal annars um flóðavarnir og stjórn vatnamála.

## Kjaramálanefnd

- Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerðisbæ,
- Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri í Akureyrarkaupstað,
- Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð,
- Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, og
- Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar.



Hlutverk kjaramálanefndar sambandsins er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og kjarasvið sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningagerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í ráðgefandi nefndum sambandsins eru ekki kjörnir formenn. Starfsmenn sambandsins sjá um að boða fundi, stjórna fundum og rita fundargerðir. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir tilvikum til staðfestingar, ef í þeim felast tillögur til stjórnar um afgreiðslu mála.

# SKÓLAMÁL

## Allir lesa – landsátak í lestri

Þann 17. október hleyptu Miðstöð íslenskra bókmennta og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO af stokkunum landsleik í lestri á nýjum lestrarvef, allirlesa.is – og er hann sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Leiknum lauk 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu. Á keppnistímanum hafa hrannast inn spennandi tölur um lestur þátttakenda í Allir lesa, og hér neðar er það helsta tíundað

- Á fjórum vikum skráðu 4.236 einstaklingar í 326 liðum lestur upp á um 70.000 klukkustundir.
- Heildarlesturinn samsvarar um átta árum af samfelldum lestri.
- Íslandsmeistarar í lestri lásu í yfir 5 sólarhringa að meðaltali á keppnistímanum.
- Tvö sigurlið koma úr Reykjanesbæ.
- Vestmannaeyingar lásu mest allra sveitarfélaga.
- Konur lásu þrisvar sinnum meira en karlar.
- Börn undir 15 ára lásu langmest.

Á vefnum [allirlesa.is](http://allirlesa.is) má sjá niðurstöður landsleiksins en til gamans má geta þess að starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga tók þátt í leiknum og náði markmiði sínu,



sem var að vera fyrir ofan mennta- og menningarmálaráðuneytið, og var meðal 50 stígahæstu vinnustaðanna, en alls tóku 113 vinnustaðir þátt í leiknum.

Liðsmenn sambandsins lásu að meðaltali 17,3 klst. á keppnistímanum (17. okt.-16. nóv.). Þess má geta að meðallestur liðsmanna sigurliðsins „Láki og félagar“ var 5 sólarhringar, 2 klst. og 20 mínútur.

Áhugasamir geta kynnt sér hvaða lið sigruðu hvern flokk/riðil á [vef átaksins](#).



## Ný skólamálanefnd tekin til starfa

Fyrsti fundur nýrrar skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2014-2018 var haldinn í húsakynnum sambandsins miðvikudaginn 26. nóvember sl. Í nefndinni eiga sæti þau:

- Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi fræðslu- og menningarsviðs Fljótsdalshéraðs,
- Karl Frímansson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit,
- Kolfinna Jóhannesdóttir, sveitarstjóri í Borgarbyggð,
- Margrét Halldórsdóttir, forstöðumaður skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, og
- Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður nefndarinnar er Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins.

# VINNUMAT KENNARA



Frá kynningarfundum um Vinnumat kennara sem haldinn var í Flensborgarskóla í Hafnarfirði, 18. nóvember sl. Sá fundur, eins og aðrir, var vel sóttur og spennust miklar og góðar umræður á fundunum.

## Kynningarfundir um vinnumat

Lokið er níu funda kynningarhring um drög að leiðarvísi að vinnumati grunnskólakennara. Fundaröð hófst á Ísafirði 10. nóvember sl. og lauk á Selfossi þann 20. sama mánaðar. Að auki var fundað í Garði, Borgarnesi, á Sauðárkróki, í Reykjavík, á Akureyri, í Hafnarfirði, á Egilsstöðum auk Selfoss. Guðbjörg Ragnarsdóttir f.h. FG og Helgi Grímsson f.h. sambandsins sáu um kynningu á öllum fundum en fundarstjórar og ritarar voru af viðkomandi svæðum oftast nær.

Vel tókst til um fyrirkomulag og framkvæmd fundanna og mæting að öllu jöfnu góð. Fjölmennasti fundurinn var í Hafnarfirði, en þangað mættu um 320 manns en um 1.000 manns alls sóttu fundina níu. Ef tekinn er til

viðbótar sá fjöldi sem fylgdist með beinni útsendingu frá fundunum í Garði og í Reykjavík, eða upptöku frá þeim, þá bætast við ríflega 1.000 manns. Kynningarfundirnir hafa því hingað til náð til um 2.000 manns og má gera ráð fyrir því að sú tala eigi eftir að hækka.

Verkefnisstjórn um vinnumat hefur hafið úrvinnslu spurninga sem fram komu á kynningarfundunum eða borist hafa á netfang hennar [vinnumat@vinnumat.is](mailto:vinnumat@vinnumat.is). Verða svör sett inn á vefsvæðið [www.vinnumat.is](http://www.vinnumat.is) um leið og þau liggja fyrir. Allar fundargerðir verkefnisstjórnar um vinnumat og aðrar fyrirbyggjandi upplýsingar um vinnumatið eru einnig aðgengilegar þar.



## Myndræn framsetning fjárhagsstöðu sveitarfélaga

Hag- og upplýsingasvið sambandsins hefur útbúið excel-líkan sem sýnir á myndrænu formi annars vegar skuldahlutfall sveitarfélaga og hins vegar veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur á árunum 2010-2013. Á excel skjalinu er unnt að velja eitt eða fleiri sveitarfélög eða einn eða fleiri landshluta og sjá veltufé frá rekstri á Y-ásnum og skuldahlutfall á X-ásnum. Með þessu er auðvelt að sjá á myndrænu formi samanburð á fjárhagsstöðu sveitarfélaga, hvort skuldir séu háar eða lágar og hvort rekstur sveitarfélaga sé góður eða erfiður á árunum 2010-2013.



- [Hér má nálgast skjalið.](#)

### Árbók sveitarfélaga komin á vefinn

Árbók sveitarfélaga 2014 sem kom út í byrjun október sl. er nú komin inn á heimasíðu sambandsins. Í bókinni er að finna upplýsingar um rekstur og efnahag sveitarfélaganna sem byggðar eru á niðurstöðum ársreikninga þeirra árið 2013. Einnig eru birtar í árbókinni upplýsingar um ýmis önnur atriði sem varða sveitarfélögin og rekstur þeirra sem gagnlegt er að hafa samandregnar á einum stað.

- [Árbók sveitarfélaga 2014](#)

# KJARAMÁL

## Breytt fyrirkomulag starfsmats sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og stéttarfélag, sem samið hafa um starfsmat, hafa sameinað starfsemi starfsmatsins í sameiginlega Verkefnastofu starfsmats.

Markmið sameiningar og helsti ávinningur er:

Efla faglega þróun og endurskoðun starfsmatskerfisins

- Samræming verkferla og vinnulags
- Eitt teymi starfsmatsráðgjafa fyrir öll sveitarfélög
- Samræma mat á öllum störfum
- Bætt þjónusta við sveitarfélög
- Efling samvinnu við stéttarfélag
- Efla fræðslu og upplýsingagjöf
- Auka skilvirkni og málshraða
- Starfsmatsviðtöl verði notuð í auknum mæli

Starfsmatið er viðvarandi samstarfsverkefni sveitar- og stéttarfélaga sem að því koma. Fagleg samráðsnefnd hefur yfirumsjón með þróun og samræmingu starfsmatskerfisins.

Starfsmatsnefnd sambandsins og starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar munu starfa áfram með sjálfstæðum hætti.

Verkefnastofa starfsmatsins er staðsett að Vonarstræti 4 í Reykjavík og verkefnastjóri hennar er Auður Lilja Erlingsdóttir, netfang: audur.lilja.erlingsdottir@reykjavik.is, sími: 411 4361. Aðrir starfsmenn starfsmatsins eru S.Laufey Jónsdóttir, netfang: steinvor.laufey.jonsdottir@reykjavik.is, sími: 411 4362 og Bjarni Bjarnason.

Nú eru liðin 12 ár síðan starfsmatskerfið var þýtt og staðfært á Íslandi og því þykir eðlilegt að yfirfara og endurskoða kerfið með hliðsjón af þeirri þróun og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á kerfinu í Bretlandi á undanförunum árum. Einnig er unnið að innleiðingu á nýrri vefútgáfu starfsmatskerfisins en viðmót hennar er mun þægilegra en eldri útgáfa kerfisins.

Stefnt að því að opna nýja heimasíðu fyrir Verkefnastofu starfsmatsins og tilkynnt verður um opnun hennar þegar að því kemur.



## Kjarasamningalota loks á enda

Þann 27. nóvember hefur samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga lokið gerð 44 kjarasamninga við 63 viðsejendur sambandsins.

Skrifað var undir nýjan kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags tónlistarskólakennara (FT) í húsi ríkissáttasemjara undir morgun þann 25. nóvember. Samningurinn gildir frá 1. nóvember 2014 til 31. október 2015.

Verkfall tónlistarkennara hafði staðið í um fimm vikur þegar samningar loks náðust. Kjarasamningur fer nú í kynningu meðal félagsmanna FT, en niðurstaða atkvæðagreiðslu mun liggja fyrir þann 8. desember næstkomandi.

Undirbúningur kjaraviðræðna ársins 2015 er þegar komin í fullan gang, en fyrstu kjarasamningar sambandsins renna út í lok apríl.

# LÝÐRÆÐI

## Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum

Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum var haldið í Reykjanesbæ föstudaginn 14. nóvember 2014. Markmið málþingsins var að gera sveitarfélög meðvitaðri um hvort þjónusta þeirra sé að mæta þörfum íbúa af erlendum uppruna, hvernig byggja megi upp fjölmenningarlega þekkingu meðal starfsmanna og hvernig megi stuðla að aukinni þátttöku íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu og skapa jákvæð viðhorf í þeirra garð.

Hljóðupptaka var gerð af öllum erindum á málþinginu og eru þær komnar inná dagskrá þess.

Nú er verið að vinna úr niðurstöðum umræðuhópa og verða þær niðurstöður sömuleiðis birtar á vefsíðu málþingsins.

- [Vefsíða málþings um innflytjendamál](#)



# NÁMSKEIÐ

## Að vera í sveitarstjórn

Eins og sagt var frá í Tíðindum í síðasta mánuði sitja sveitarstjórnarmenn nú á skólabeck víða um land og taka þátt í námskeiðinu „*Það sem þú þarft að vita sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn – hvort sem þú ert nýr eða gamall*“.

Nú þegar hafa sex námskeið verið haldin, á Ísafirði, Hólmavík, Húsavík, Akureyri, Selfossi og í Freysnesi. Vegna óhagstæðra veðurskilyrða hefur tvívegis þurft að fresta námskeiði á Austurlandi og er nú stefnt að því að það verði haldið í janúar. Öll hafa námskeiðin verið vel sótt en hvergi var aldursbilið þó meira en í Freysnesi þar sem yngsti þátttakandinn vakti mikla aðdáun þeirra eldri eins og sjá má á myndinni hér til hægri þar sem Smári Geirsson, fv. forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð og leiðbeinandi á námskeiðinum spjallar við þann yngsta.

Í tilefni námskeiðanna hefur sambandið gefið út kennsluritid „Að vera í sveitarstjórn“ og að auki



hafa þeir sem sótt hafa námskeiðin fengið vænan bunka af ítarefni.

Á myndinni hér að neðan, sem var tekin á Selfossi fyrir í mánuðinum má sjá Þóru Björgu Jónsdóttur, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, í ræðustól.





*Hér má sjá hluta þeirra sem tóku þátt í fundi um rekstur hjúkrunarheimila sem fram fór í Borgartúni 30 miðvikudaginn 26. nóvember sl. Myndin er tekin í upphafi fundarins en alls komu um 40 manns á fundinn en að auki voru allmargir í símasambandi við fundinn.*

## Fundur um málefni hjúkrunarheimila

Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir umræðufundi um málefni hjúkrunarheimila þann 26. nóvember. Fundinn sóttu stjórnendur þeirra sveitarfélaga sem koma að rekstri hjúkrunarheimila auk margra forstöðumanna þeirra. Alls tóku rúmlega 40 manns þátt í fundinum þar af nokkrir í gegnum síma.

Tilfni fundarins var meðal annars ný skýrsla Ríkisendurskoðunar þar sem fram kemur að um

950 m.kr. hafi verið lagðar til rekstrar þessara hjúkrunarheimila á árinu 2013 umfram framlög frá ríkinu. Viðvarandi hallarekstur hefur verið hjá mörgum heimilum enda standa daggjöld frá ríkinu ekki undir eðlilegum kostnaði við starfsemi þeirra. Engar viðbótarfjárveitingar hafa fengist frá ríkinu eftir 2009 til þess að jafna hallann og hafa sveitarfélögin í verulega auknum mæli komið með framlög til bjargar, þrátt fyrir að málaflokkurinn sé á ábyrgð ríkisins.

# VELFERÐARMÁL

Á fundinum lýstu fulltrúar margra sveitarfélaga og hjúkrunarheimila stöðunni eins og hún blasir við í dag. Starfsemi þeirra heimila sem nýlega hafa verið reist á grundvelli svokallaðrar leiguleiðar virðist í jafnvægi enda hafa verið gerðir sérstakir samningar um rekstur þeirra. Þjónustusamningar við ríkið um rekstur eldri heimila eru hins vegar nánast allir útrunnir. Fram kom í máli manna að sveitarfélögin leggðu áherslu á að sambandið beitti sér varðandi endurskoðun á grunni daggjalda og að gengið væri í gerð þjónustusamninga. Þá þurfi að fara fram kostnaðargreining á lágmarkskröfum og viðmiðum sem ríkið hefur sett varðandi starfsemi hjúkrunarheimila. Fram kom einnig að þessi viðmið hafi tekið breytingum en kallað er eftir því að áhrif slíkrar breytinga séu greind með formlegum hætti.

Sérstaklega var rætt um uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna starfsemi þeirra hjúkrunarheimila sem eru með sveitarfélagatengingu. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) gerðu samkomulag í apríl sl. við fjármálaráðuneytið, vegna hjúkrunarheimila sem rekin eru sem sjálfseignarstofnanir án tengsla við sveitarfélög. Samkvæmt þessu samkomulagi yfirtekur ríkið eldri skuldbindingar. Töldu fundarmenn að samkomulagið væri ákveðið fordæmi í þeim samningaviðræðum milli ríkis og sveitarfélaga sem brátt fara af stað.

Formaður stjórnar SFV var meðal fundarmanna en gott samstarf hefur verið milli samtakanna

og sambandsins um fyrirkomulag samningaviðræðna við ríkið. Fram kom að SFV muni af fremsta megni styðja sveitarfélögin í að ná sambærilegum samningum við fjármálaráðuneytið, enda séu hjúkrunarheimili með sveitarfélagatengingu aðilar að samtökunum.

Greinilega kom fram á fundinum að huga beri vandlega að ýmsum þáttum áður en haldið verður áfram með vinnu við mögulega yfirfærslu á málefnum hjúkrunarheimila, frá ríki til sveitarfélaga. Ljúka þurfi endurmati á síðasta verkefnaflutningi og taka afstöðu til ákveðinna grundvallarspurninga. Varð mönnum nokkuð tíðrætt um aðferðir í samningaviðræðum við ríkið, hvað það varðar.





# Frumvarp til breytinga á vegalögum

Sambandið hefur sent umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis umsögn um frumvarp til breytinga á vegalögum. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur sem eru afrakstur vinnu nefndar sem innanríkisráðherra skipaði í nóvember 2012 og skilaði nefndin tillögum í febrúar 2014. Í umsögn sambandsins segir m.a.:

*„Með frumvarpinu er bætt úr ýmsum annmörkum á vegalögum nr. 80/2007. Sérstakt fagnaðarefni er að í nefndarvinnunni hefur náðst ásættanleg niðurstaða um yfirtöku sveitarfélaga á veghaldi þjóðvega í þéttbýli, sem hefur verið deilumál milli ríkis og sveitarfélaga nánast frá setningu vegalaga. Er um leið bætt úr þeim annmarka við setningu vegalaga árið 2007 að ekki var lagt mat á fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélögin.“*

*Jafnframt stóð sambandið að tillögu í 3. gr. sem leiða mun til þess að horfið er að hluta frá þeirri breytingu sem varð við setningu laganna árið 2007, að stór hluti tengivega færðist yfir í flokk héraðsvega.*

*Hefur í frumvarpinu verið tekið mikið tillit til sjónarmiða sambandsins um þetta atriði og ef frumvarpið verður samþykkt munu um 230 km af héraðsvegum, sem flestir eru fjölfarnir, færast aftur í flokk tengivega.“*

- [Greinargerð nefndar um breytingu á vegalögum](#)
- [Umsögn sambandsins um breytingu á vegalögum](#)



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík  
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
Ljósmyndir á forsiðu og baksíðu: Valur Rafn  
Halldórsson – Haustdagur í Ölfusi  
2014/32

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi að heimildar sé getið.*